

Viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum lögbundinna umsagnaraðila og almennings við matsskyldufyrirspurn vegna veitingu Austurkvíslar Þjósárkvísla í fyrri farveg

Nr.	Umsögn	Svar framkvæmdaraðila
1	Forsætisráðuneytið, dags. 3.6.2025	
1.1	Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila	

2	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. 5.6.2025	
2.1	Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila	

3	Skeiða- og Gnúpverjahreppur, dags. 6.6.2025	
3.1	„Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er gerð grein fyrir framkvæmdinni í framlögðum gögnum en æskilegt er að framkvæmdin fari í umhverfismat.“	Óljóst er hvernig sveitarfélagið kemst að þessari niðurstöðu. Í umsögn þess er engin umfjöllun um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, aðstæður, afleiðingar þess að ráðast ekki í framkvæmdina, hverju umhverfismatið ætti að svara eða annar rökstuðningur. Mat á umhverfisáhrifum er úrræði sem ekki skal beita að ástæðulausu heldur þarf að vera góð ástæða og rökstuðningur á bak við slíka ákvörðun. Skv. 18. gr. laga nr. 111/2021 skulu framkvæmdir „háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif“. Í umsögn sveitarfélagsins er engin umfjöllun eða rökstuðningur fyrir því í hverju gætu falist umtalsverð umhverfisáhrif.

4	Náttúrufræðistofnun, dags. 6.6.2025	
4.1	„Hér er um að ræða náttúrulegar breytingar á jökuláreyrum sem eru vel þekktar og ættu ekki að koma á óvart.“	Hvergi kemur fram í greinargerð að þetta hafi komið Landsvirkjun eða öðrum á óvart.
4.2	„Í 11. gr.auglýsingar kemur fram að óheimilt er að breyta rennsli vatna, en jafnframt að halda má við virkjanamannvirkjum innan friðlandsins.“	Í annarri málsgrein 11. greinar kemur fram að framkvæmdir eru heimilar innan friðlandsins að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnunar) og viðkomandi sveitarfélags.
4.3	„Stofnunin metur breytingar á farvegi Austurkvíslar vera nýja framkvæmd á áður óröskuðu svæði en ekki viðhald á núverandi mannvirkjum“	Landsvirkjun lítur á að þetta sé nauðsynleg aðgerð til að tryggja sem besta virkni núverandi mannvirkja og nýtingu auðlinda, virkjanamannvirki eru háð því að til þeirra renni vatn. Ekki er svo um eiginlega mannvirkjagerð að ræða, heldur grunna rás þar sem eingöngu er verið að ýta til efni á gróðurlausum jökulaurum með algjöru lágmarksraski og sýnileika.
4.4	„Framkvæmdin er inngripí náttúrulega virka ferla með ófyrirséðum afleiðingum.“	Landsvirkjun getur ekki tekið undir að afleiðingarnar séu ófyrirséðar. - Rennsli verður aftur líkt og það var í áratugi fram til ársins 2016. - Landrof og gróðureyðing við vesturkvísl mun minnka.
4.5	„Þá er samt sem áður verið að breyta náttúrulegum ferlum og raska yfirborði sem mun hafa áhrif á landslagsheild innan friðlandsins og á víðerni“	Náttúrulegir ferlar hafa ekki alltaf jákvæðar afleiðingar í för með sér fyrir lífríki. T.d. í þessu tilviki þar sem færsla farvegjar Austurkvíslar Þjórsárkvísla með auknu rennsli í Vesturkvíslum Þjórsarkvísla þýðir landrof á vistgerðum með mjög hátt verndargildi og rýrnun á búsvæðum fugla, en það eru þættir sem vega þungt í verndargildi svæðisins. Að ýta til efni staðbundið á jökulaurum er ekki talið hafa áhrif á víðerni eða landslagsheildir.
4.6	„Eins og fram hefur komið telur Náttúrufræðistofnun fyrirhugaða framkvæmd innan friðlandsins í Þjórsárverum óæskilega vegna mikils náttúrulegs verndargildis svæðisins á alþjóðavísu“	Framkvæmdin rýrir ekki verndargildi svæðisins og hlífir rústamýri og búsvæðum fugla við landrofi.
4.7	„Auk þess sem framkvæmdin stangast á við friðlýsingarskilmála friðlandsins“	Í annarri málsgrein 11. greinar kemur fram að framkvæmdir eru heimilar innan friðlandsins að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnunar) og viðkomandi sveitarfélags. Í sömu grein segir að „heimilt er að grípa til aðgerða á svæðinu til verndar gróðri og dýralífi.“
4.8	„Þar að auki gera framkvæmdaraðilar ekki ráð fyrir að um varanlega lausn sé að ræða og því er ekki útséð í hvaða „leiðréttingar“ þurfi að grípa til í framtíðinni“	Það væri hægt að gera varanlega lausn en það myndi kalla á mun umfangsmeiri framkvæmdir og varanleg mannvirki. Vonin er að áin haldi sig við austurbakkann í einhver ár. Hve lengi er þó ómögulegt að spá fyrir um, eitt stórt flóð gæti breytt farveginum aftur, en væntingar eru um að aðgerðin dugi til 5-10 ára, eða lengur

4.9	„Það er mat Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.“	Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er engin umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar, hvorki á fugla, gróður eða aðra umhverfisþætti. Það er jafnframt engin umfjöllun um afleiðingar þess að ráðast ekki í framkvæmdina, eða hvaða spurningum umhverfismatið ætti að svara. Náttúrufræðistofnun Íslands er á móti framkvæmdinni af því að hún telur hana brjóta í bága við friðlýsingarskilmála svæðisins, umhverfismat svarar engu eða breytir engu þar um. Skv. 18. gr. laga nr. 111/2021 skulu framkvæmdir „háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif“. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er engin umfjöllun eða rökstuðningur fyrir því í hverju gætu falist umtalsverð umhverfisáhrif.
-----	---	---


5	Umhverfis- og orkustofnun, dags. 6.6.2025	
5.1	„Stofnunin bendir hins vegar á að gera þyrfti betur grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á vesturkvísl árinna, vatnshlotið Þjórsárkvíslar (103-552-R). Umhverfis- og orkustofnun telur að ákveðið ósamræmi sé í matinu varðandi það hvort framkvæmdin hafi bein eða óbein áhrif á vatnshlotið og telur að það verði fyrir beinum áhrifum að völdum framkvæmdarinnar þar sem rennsli mun minnka þegar vatni er veitt úr því og yfir í austurkvíslina.“	Uppfært áhrifamat, þar sem fjallað verður frekar um áhrif á vesturkvísl Þjórsárkvísla, mun fylgja með framkvæmdaleyfisumsókn. Fyrirfram er þó búist við því að áhrifin á vatnshlotið verði óveruleg því rennsli verður aftur það sama og það var í áratugi fram til ársins 2016.

6	Veðurstofa Íslands, dags. 10.6.2025	
6.1	Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila	

7	Hafrannsóknarstofnun, dags. 11.6.2025	
7.1	Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila	

8	Náttúruverndarstofnun, dags. 18.6.2025	
8.1	„Þótt tilgangur framkvæmdarinnar sé sagður miða að því að draga úr áhrifum á gróður og vistkerfi, telur stofnunin ekki nægileg gögn liggja fyrir til að unnt sé að skilgreina aðgerðina þannig að hún feli í sér verndaraðgerð sem réttlæti inngrip af því tagi sem kveðið er á um í friðlýsingarskilmálum.“	Það er ekki tilgangur framkvæmdarinnar. Tilgangur framkvæmdarinnar er að viðhalda rennsli úr Austurkvísl Þjórsárkvísla inn í Þjórsárlón. Það að landrof á vistgerðum með hátt verndargildi minnki eru jákvæð hliðaráhrif.
8.2	„Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki hefur verið unnin stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Þjórsárver og því að óbreyttu ekki hægt að heimila framkvæmdir af þessum toga innan friðlandsins á þeim forsendum að þeim sé ætlað að vernda gróður.“	Það er ekki forsenda framkvæmdarinnar. Friðlandið var stækkað árið 2017 og það að Náttúruverndarstofnun (áður Umhverfisstofnun) sé ekki búin að vinna stjórnunar- og verndaráætlun á þeim 8 árum sem liðin eru á ekki að nota gegn öðrum aðilum.
8.3	„Þjórsárverum var árið 1990 bætt við á skrá yfir votlendissvæði Ramsar-samningsins, sem Ísland er aðili að.“	Ekkert rask verður á votlendi við framkvæmdirnar. Minna landrof í kjölfar þeirra minnkar í raun rask á votlendi.
8.4	„Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdin, sem felur í sér stýringu vatnsrennslis og mótun farvegjar, kunni að hafa áhrif á þau náttúrufarslegu einkenni sem skráning Þjórsárvera byggist á.“	Rennslið í Austur- og Vesturkvísl Þjórsárkvísla verður hið sama og það var þegar Þjórsárver voru fyrst skráð sem verndarsvæði.
8.5	„Slíkar framkvæmdir geta breytt vatnaflæði, gróðurþekju og vistgerðum og þar með skert þá vistfræðilegu heild sem vernd svæðisins hvílir á.“	Engin skerðing verður á gróðurþekju eða vistgerðum af völdum framkvæmdanna. Þær stöðva þó þá vistgerðarskerðingu sem er í gangi í dag. Vatnaflæði verður það sama og það var í áratugi áður en austurkvíslin braut land og fór yfir í vesturkvíslina.
8.6	„Náttúruverndarstofnun telur óljóst hvort unnið hafi verið mat á áhrifum á lífverur sem byggja afkomu sína á núverandi vatnsstraumi, svo sem botndýr, vatnablöntur og smádýr sem mynda undirstöðu vistkerfisins.“	Það er innifalið í áhrifamati Hafrannsóknarstofnunar sem fylgdi með greinargerðinni, en Hafrannsóknarstofnun sem er sú fagstofnun sem hefur sérfræðiþekkingu á málefnum og fjallar um í sinni umsögn. Ekki er verið að þurrka neina farvegi eða svipta dýr og plöntur búsvæðum sínum, rennslið í Austur- og Vesturkvísl Þjórsárkvísla verður hið sama og það var í áratugi fyrir árið 2016.
8.7	„Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem framkvæmdin á sér stað innan friðlýsts og viðkvæms svæðis telur stofnunin brýnt að fram fari heildstætt vistfræðilegt mat á áhrifu mbreytinga á vatnsrennsli og að slík áhrif séu metin með tilliti til náttúrulegrar þróunarárkerfisins og í samræmi við ákvæði friðlýsingarskilmála Þjórsárvera.“	Óljóst er hvað stofnunin á við með „heildstætt vistfræðilegt mat á áhrifum breytinga“. Áhrifin eru vel þekkt, rennslið í Austur- og Vesturkvísl Þjórsárkvísla verður hið sama og það var í áratugi fyrir árið 2016. Landrof og skerðing vistgerða með hátt verndargildi, sem á sér stað vegna núverandi farvegabreytinga, mun minnka.

8.8	<i>„Af þessum sökum er líklegt að sú framkvæmd sem nú er fyrirhuguð, verði ekki framtíðarlausn.“</i>	Það er viljandi gert til að lágmarka áhrif og umfang, eingöngu er um að ræða tilfærslu á lausu efni á litlu svæði á gróðurlausum jökulaur. Það væri hægt að gera varanlega lausn en það myndi kalla á mun umfangsmeiri framkvæmdir og varanleg mannvirki.
8.9	<i>„Hins vegar væri um að ræða fordæmisgefandi framkvæmd og því afar mikilvægt að allar sviðsmyndir varðandi frekari breytingar á árkerfinu og nauðsyn frekara inngrips séu dregnar fram.“</i>	Náttúruverndarstofnun er umsjónaraðili Þjórsárvera og fer með leyfisveitingar. Stofnunin ræður því sjálf hvaða fordæmisgildi þessi framkvæmd hefur. Frekari breytingar eða inngrip í framtíðinni er ómögulegt að segja til um á þessum tímapunkti enda er framkvæmdin mjög smá í sniðum og ekki varanleg, ekkert hefur verið ákveðið eða rætt. Tíminn einn mun leiða í ljós hvernig farvegurinn bregst við og þá hvort og hvenær frekari aðgerðir séu raunhæfar. Þó að þessi framkvæmd sé mjög smá í sniðum og ekki varanleg, þá er ávinningurinn afar mikill. Með því að ýta til lausu efni á gróðurlausum jökulaurum fær íslenska þjóðin um 120 GWst/ári til viðbótar inn í raforkukerfi landsins með lágmarksraski og tilkostnaði. Því telur Landsvirkjun það vel þess virði að láta á reyna, þó að Austurkvíslin brjóti sér aftur leið eftir einhvern tíma. Þá verður auk þess komin dýrmæt reynsla um afrakstur og áhrif framkvæmdanna.
8.10	<i>„Í þessu samhengi bendir stofnunin á að þó að áin hafi á síðustu árum leitað í ríkara mæli fram hjá Þjórsárlóni er ekki hægt að útiloka að hún muni renna aftur út í lónið án inngrips“</i>	Sem sýnir hve óveruleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru, þær einfaldlega flýta fyrir því sem líklega mun gerast af náttúrulegum orsökum á einhverjum tímapunkti. Hvenær það gerist er þó ómögulegt að spá fyrir um, og með hverju árinu sem líður verður þjóðin af 120 GWst/ári. Í samhengi við virkjunarkostnað þá myndi kosta um 10 milljarða ISK að byggja virkjun með svipaða orkugetu. Með hverju árinu er auk þess meira landrof og skerðing á vistgerðum með hátt verndargildi út af þeim farvegabreytingum sem eru að eiga sér stað.
8.11	<i>Náttúruverndarstofnun bendir á að fyrirhuguð framkvæmd felur í sér jarðrask, mótun árfarvega og gerð leiðigarðs sem er inngrip í landslag og þróun vatnsfalla innansvæðis sem skilgreint er sem víðerni. Þetta getur rýrt þá þætti sem friðlýsingin er sett til að vernda“</i>	Um er að ræða tilfærslu á efni á gróðurlausum jökulaurum í jaðri verndarsvæðisins þar sem umferð er engin, ekki er hægt að komast á svæðið án þess að fara yfir kvíslar Þjórsár. Ummerki um framkvæmdina verða ekki greinanleg nema í allra næsta nágrenni, en leiðigarðurinn verður einungis um 1,5 m yfir aðlægu landi. Veðrun mun svo fljótt aðlaga hann að umhverfinu. Inngrip í landslag er í lágmarki. Árfarvegir verða þeir sömu og þeir voru í áratugi fram til ársins 2016.
8.12	<i>„Í ljósi þess að víðerni eru formlegur hluti verndarmarkmiða Þjórsárvera telur stofnunin nauðsynlegt að áhrif framkvæmdarinnar á víðerni verði sérstaklega metin og tilgreind í leyfisumsókn og/eða umhverfismati“</i>	Í kafla 3.7 í greinargerð er umfjöllun um áhrif á víðerni. Þar kemur m.a. fram að svæðið er flokkað sem svokallað umskiptasvæði skv. víðernakortlagningu, þ.e. svæði á jaðri víðerna, enda eru eingöngu um 2,5 km í næstu virkjunarmannvirki. Ekki er verið að byggja nein mannvirki, einungis að ýta til efni sem mun veðrast og jafnast út með tímanum. Svæðið er mjög óaðgengilegt fyrir gangandi eða aðra sem sækjast í víðernaupplifun. Áhrif á víðernaupplifun eru óveruleg.

8.13	„Náttúruverndarstofnun bendir á að vernd Þjórsárvera felur í sér verulega almannahagsmuni, bæði samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Svæðið hefur verið friðlýst meðal annars til að tryggja vernd mikilvægra vistgerða, votlendis og búsvæða fugla“	Ekkert rask verður á vistgerðum, votlendi eða búsvæðum fugla. Þvert á móti munu framkvæmdirnar minnka rask á öllum þessum þáttum, þar sem framkvæmdin kemur í veg fyrir að núverandi farvegabreytingar brjóti meira af landi.
8.14	„Einnig er svæðið, eins og áður hefur komið fram, Ramsarsvæði en aðaláhersla Ramsarsamningsins er að vernda þau votlendissvæði sem eftir eru í heiminum. Ramsarsvæði njóta sérstakrar athygli og ekki má breyta vistfræðilegum eiginleikum þeirra nema vegna þjóðarhagsmuna“	Ekki er verið að raska votlendi. Þess má geta að framkvæmdin er utan við Ramsarsvæðið, en það nær yfir það svæði sem voru upphaflegu mörk Þjórsárverafriðlandsins. Framkvæmdasvæðið er um 8 km frá Ramsarsvæðinu.  Ramsar svæðið í Þjórsárverum (blá lína) og framkvæmdasvæðið (rautt) https://rsis Ramsar.org/

8.15	„Náttúruverndarstofnun bendir á að þó að vatnið renni fram hjá Þjórsárlóni komi vatnið með Þjórsá í bæði Sultartanga- og Búrfellsvirkjun. Fullyrðing framkvæmdaraðila um að vatnið renni framhjá þessum tveim virkjunum er því röng“	Í greinargerð segir eftirfarandi: - „Ef ekkert af Austurkvísl rennur í Þjórsárlón orsakar það 120 GWst minni raforkuframleiðslu á ári, þar sem vatnið fer þá ekki í Þórisvatn og þaðan um Vatnsfell-, Sigöldu-, Hrauneyjafoss-, Búðarháls-, Sultartanga- og Búrfellsvirkjun“ Þessi fullyrðing er rétt, vatnið fer ekki þessa leið. Vatnið fer þó vissulega beint í Sultartangalón og þaðan í Sultartangavirkjun og Búrfellsvirkjun, en lykilatriði er að rennsli er mest á sumrin þegar jökullinn bráðnar. Á þeim árstíma er nóg vatn og rennsli í ám. Með því að fara ekki um Þórisvatn minnkar miðlunargeta og möguleikinn á því að nýta vatnið þegar þörf á því er mest. Útreikningar um 120 GWst/ári taka tillit til þess að vatnið renni um Sultartanga- og Búrfellsvirkjun, sú tala stendur því óbreytt.
8.16	„Óvissa ríkir um langtímaáhrif, umfang og nauðsyn endurtekinna inngripa vegna frekari náttúrulegra breytinga sem og áhrif á verndargildi svæðisins.“	Landsvirkjun er ekki sammála því að óvissa ríki um langtímaáhrif, rennslið í Austur- og Vesturkvísl Þjórsárvísla verður hið sama og það var í áratugi fyrir árið 2016. Landrof og skerðing vistgerða með hátt verndargildi mun minnka. Ekki hefur verið neitt ákveðið með endurtekin inngrip enda með öllu óljóst. Framkvæmdin er að fullu afturkræf, hægt verður að skerða leiðigarðinn og hleypa Austurkvíslinni aftur yfir í Vesturkvíslina reynist vilji fyrir því.
8.17	„Að mati stofnunarinnar mun framkvæmdin skerða ósnortin víðerni innan friðlandsins en vernd þeirra er ein meginforsenda friðlýsingar Þjórsárvera“	Framkvæmdin er utan víðerna skv. skilgreiningu rammaáætlunar og í flokkun Wildland Research Institute er framkvæmdin á svæði sem skilgreint er sem umskiptasvæði.



Framkvæmdasvæðið (rautt) og víðerni rammaáætlunar (skyggt svæði). <https://www.vefsja.is/>

8.18	„Ákvarðanir sem þessar eru fordæmisgefandi og mögulegt að talið verði nauðsynlegt að hún verði ítrekuð eða að tilefni verði talið til umfangsmeiri inngripa í framtíðinni, sem gætu með tímanum leitt til aukinnar áhrifa á náttúrulega þróun vatnakerfa, vistkerfi, gróðurfar og ósnortin víðerni svæðisins.“	Náttúruverndarstofnun er umsjónaraðili Þjórsárvera og fer með leyfisveitingar. Stofnunin ræður því sjálf hvaða fordæmisgildi þessi framkvæmd hefur. Þessi framkvæmd er viljandi höfð smá í sniðum til að lágmarka rask og afla þekkingar um árangur hennar. Er hún á engan hátt fordæmisgefandi fyrir aðrar og stærri framkvæmdir í framtíðinni.
8.19	„Þá telur stofnunin að ekki hafi verið lögð fram fullnægjandi greining á valkostum framkvæmdarinnar.“	Valkostirnir eru eftirfarandi: - Ekki gera neitt. Íslensk þjóð verður af 120 GWst/ári af raforku og áfram verður landrof og skerðing á votlendi og vistgerðum með hátt verndargildi. Virkjun með svipaða orkugetu kostar um 10 milljarða kr. - Sú framkvæmd sem hér er til umfjöllunar. Engin mannvirki, eingöngu efni á gróðurlausum jökulaurum ýtt til. Að fullu afturkræf. - Varanlegri vatnaveiting sem krefst stórra og umfangsmikilla mannvirkja. Á þessum tímapunkti er ekki tilefni til að fjalla um valkosti sem krefjast umfangsmikilla mannvirkja.
8.20	„Því vantar í greinargerðina sérstaklega: • Greiningu á áhrifum framkvæmda á víðerni innan friðlandsins • Skilgreinda vöktunaráætlun • Útfærslu á því hvernig áhrif framkvæmdarinnar verði metin eftir að henni lýkur • Mælikvarða til að greina breytingar á gróðurfari eða jarðraski • Skýra viðbragðsáætlun ef áhrif verða önnur en áætlað var eða ef breytingar verða á ánni ofar í farvegi hennar“	- Fjallað hefur verið um víðerni, bæði í greinargerð og hér í svörum framkvæmdaraðila. Framkvæmdasvæðið er utan víðerna, eða á skilgreindu umskiptasvæði. - Landvirkjun mun fylgjast ítarlega með rennsli til Þjórsárlóns til að meta árangur framkvæmdarinnar. Loftmyndir munu gefa góða hugmynd um þróun landrofs. - Rennsli og annað umhverfisástand verður hið sama og það var í áratugi fram til ársins 2016, fyrir utan það land sem þegar hefur horfið þegar austurkvíslin braust yfir í þá vestari. - Framkvæmdin er að fullu afturkræf, hægt er að veita Austurkvíslinni aftur yfir í þá vestari ef óvænt óæskileg áhrif verða.
8.21	„Að mati stofnunarinnar er brýnt að greining á skerðingu víðerna verði unnin, vöktun, eftirfylgni og áætlun verði skilgreind og samþykkt áður en til framkvæmdar kemur. Leyfisveiting samkvæmt 41. gr. náttúruverndarlaga verði háð vöktunaráætlun sem taki mið af verndarsjónarmiðum Þjórsárvera“	Þetta eru allt atriði sem eiga við í leyfisveitingarferli, sem Náttúruverndarstofnun sjálf hefur umsjón með.
8.22	„Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Náttúruverndarstofnun líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð neikvæð áhrif á verndargildi	Í umsögn Náttúruverndarstofnunar miðast öll umfjöllun við friðland Þjórsárvera í heild sinni, en friðlandið er alls 1.560 km ² . Ekki er gerð nein tilraun til að fjalla um raunveruleg staðbundin áhrif framkvæmdarinnar, hvorki á gróður, vistgerðir, fuglalíf, víðerni, ásýnd, aðgengi og upplifun eða aðra umhverfisþætti.

	<i>Þjórsárvera í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina háða mati á umhverfisáhrifum“</i>	Skv. 18. gr. laga nr. 111/2021 skulu framkvæmdir „háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif“. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er engin umfjöllun eða rökstuðningur fyrir því í hverju gætu falist umtalsverð umhverfisáhrif. Þær spurningar sem Náttúruverndarstofnun setti fram hefur þegar verið svarað í greinargerð eða hér í viðbrögðum framkvæmdaraðila, óvíst er hverju umhverfismat ætti að bæta við. Áhyggjur Náttúruverndarstofnunar snúa einkum að fordæmisgildi framkvæmdarinnar og öðrum mögulegum framkvæmdum í framtíðinni. Leyfisveitingar eru þó á höndum stofnunarinnar sjálfrar og er það stjórnsýslulegt ferli og ákvörðun sem að er ekki afgreidd í umhverfismati. Vandséð er að umhverfismat auðveldi Náttúruverndarstofnun að taka ákvörðum um hvort að leyfa eigi framkvæmdina. Fyrirliggjandi gögn ættu að vera fullnægjandi til þess. Ef umfangslítill og afturkræf tilfærsla á efni á gróðurlausum jökulaurum, sem endurheimtir ástand sem að varði í áratugi, verður úrskurðuð í umhverfismat, er Skipulagsstofnun búin að setja ný viðmið fyrir framkvæmdir og framkvæmdaraðila á Íslandi. Ekkert aðlutt efni verður notað í framkvæmdina og mannvirki eru ekki varanleg.
--	---	---